

1862.  
2. júním. stjórnin, eptir því sem ástatt er, ekki hefir neitt á móti því, að beiðandanum sé veitt 5 rdl. þóknun á ári í því skyni, sem að ofan er getið, og að þetta sé talið frá 1. janúarm. þ. á.

21. júním. **37. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um ferðastyrk handa Halldóri skólakennara Friðrikssyni til að stunda þjóðversku.**

Í framhaldi bréfs hëðan 15. febrúarmán. þ. á. skal yður til vitundar gefið, að stjórnarráðið hefir enn fremur veitt Halldóri Kr. Friðrikssyni, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, 300 ríkisdala styrk til að ferðast hëðan til Þjóðverjalands til að læra betur þýzka tungu, og að fë þetta verður borgað honum úr aðalféhirzlu ríkisins hër í bænum.

11. júlím. **38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um sölu á Melkotstúni, er var eign Reykjavíkur bæjar.**

Dómsmálastjórnin leggur hër með samþykki sitt á sölu þá, er fram fór 7. maím. 1860, á túni, er var eign Reykjavíkur-bæjar, til Bernhöfts bakara í Reykjavík með þeim kjörum, sem tilgreind eru í uppboðsskilmálum þeim, er hingað voru sendir með bréfi 26. aprílm. þ. á. Þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess þer auglýsið það, svo sem þörf er á<sup>1</sup>.

1) Uppboðsskilmálar þeir, sem getið er í bréfi þessu, eru þannig hljóðandi:

»Skilmálar

fyrir sölunni á Melkotstúninu 7. maím. 1860.

„1. Túnið selst með áskildu samþykki stjórnarinnar til fullkominnar eignar og frjálstra umráða gegn ævarandi árgjaldi til „Reykjavíkur bæjarsjóðs í álnatali, sem borgist í peningum eptir „hvers árs verðlagsskrár meðalverði allra meðalverða, sem gildir „í gjalddaga.